

Fundargerð

3. fundar stjórnar foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness, miðvikudaginn 23. september 2015 kl. 17:30, í stofu kennara í Mýrarhúsaskóla.

Mættir: Svana M. Davíðsdóttir formaður, Hervör Pálsdóttir, Sonja Bergmann, Ólafía Harðardóttir, Garðar Gíslason, Davíð Scheving og Guðrún Karlsdóttir. Forföll boðuðu Katrín Magnúsdóttir og Helga Sverrisdóttir.

Fundarstjóri: Svana Davíðsdóttir, formaður.

Fundarritari: Hervör Pálsdóttir.

Dagskrá - umræður

1. Kynning á foreldrafélaginu fyrir foreldra í 1. bekk – tölvupóst með smá uppl-facebook síðu ofl.
 - Sonja og Svana fóru og kynntu foreldrafélagið á kynningarfundum fyrir foreldra 1. bekkina. Af þeirra hálfu voru ný áherslumál félagsins kynnt. Svana kynnti og útskýrði gjaldtöku foreldrafélagsins. Tók fram að verið væri að skoða með hækkun gjaldsins á næsta ári. Mikilvægt að vera í góðu samstarfi við skólastjórnendur. Kynnti vinahópa og bekkjarfulltrúar. Góð samskipti ítrekuð.
 - Svana leggur til eftirfylgni við fundinn með því að senda póst á foreldra í 1. bekk, kynning á starfinu, linkur á facebook síðu, gera grein fyrir gjaldi. Svana athvar mentor link. Samþykkt einróma.
 - Skólaráð. Davíð og Svana hafa verið boðuð á fund með skólastjórnendum. Svana leggur til að komið sé á kerfi þar sem fundir með skólastjórnendum verði reglulegir. Samþykkt einróma.
2. Eftirfylgni með fyrirspurn félagsins um stöðu byrjendalæsisamála
 - Svar skólastjórnenda við bréfi foreldrafélagsins rætt.
 - Foreldrafélagið mun fylgja málinu eftir og óska eftir skýrum svörum frá skólastjórnendum. Samþykkt einróma að fylgja málinu vel eftir.
3. Viðbrögð við eftirlitsskýrslum á leiksvæðum og leiktækjum lóðanna.
 - Svana óskaði eftir og fékk eftirlitsskýrslur með leikvöllum grunnskólans frá fræðslufulltrúa bæjarins.
 - Ljóst að í skýrslunum eru ítrekað gerðar sömu athugasemdir við sömu atriði á leiksvæðum skólanna sem gerðar eru kröfur um úrbætur á. Fulltrúi stjórnar fór í vettvangsferð og telur ljóst að ekki hafi verið farið í að laga þau atriði sem

gerðar hafa verið athugasemdir við í skýrslum BSÍ innan þess tíma sem veittur var til úrbóta.

- Lagt til að bærarstjóra verði sent bréf, málið verði tekið upp í Skólanefnd og einnig að haft verði samband við heilbrigðiseftirlitið. Jafnframt lagt til að foreldrafélagið eða fulltrúar frá því fái fund með bærarstjóra og fræðslufulltrúa þar sem farið verði yfir þessi mál og ræddar úrbætur.
- Formaður leggur til að strax verði sent bréf á bærarstjóra og fræðslufulltrúa, leggur fram drög að bréfi til bærarstjóra og heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis til samþykktar þar sem farið er fram á lagfæringar á þeim atriðum sem eftirlitsaðilar hafa gert kröfu um úrbætur á. Bent á að slysaskráningar fyrir skólann þurfi að vera í lagi og aðgengilegar.
- Málið rætt frekar. Samþykkt einróma að bréfin eins og þau eru lögð fram og löguð eftir athugasemdum stjórnarmeðlima verði send á bærarstjóra og heilbrigðiseftirlit.

4. Val á varaformanni/staðgengli formanns

- Davíð Scheving kosinn einróma sem staðgengill formanns, ekki gert sérstaklega ráð fyrir því í lögum foreldrafélagsins að í stjórn sé varaformaður en samþykkt einróma að rétt sé að hafa staðgengil formanns í stjórninni.

5. Bekkjarfulltrúar

- Ólafí mun fá lista með nöfnum bekkjarfulltrúa. Munum senda út póst til bekkjarfulltrúa og boða þá á fund 6. október nk. þar sem hlutverk bekkjarfulltrúa verði rætt og opnað fyrir umræður. Á fundinum verði jafnframt miðlað upplýsingum frá heimili og skóla sem Guðrún tekur að sér að skoða og gera samantekt um, þ.e. atriði sem snúa að bekkjarfulltrúum.

6. Vinahópar.

- Verkefni sem kynnt verður fyrir bekkjarfulltrúum, bæði með pósti og á fyrirhuguðum fundi 6. október. Fyrirkomulag vinahópanna verði rætt. Mikilvægt að fá kennara til að aðstoða með að raða í vinahópa. Ræða þarf það við skólayfirvöld og fá þeirra aðstoð. Ólafía mun óska eftir upplýsingum frá skólanum um þátttöku skólans í uppröðum hópa og gera drög að bréfi í samræmi við bréf fyrri ára.

7. Fjárhagsáætlun foreldrafélagsins

- Gjaldkeri leggur fram fjárhagsáætlun foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness og útskýrir.
- Rætt er hvort að rétt er að greiða mat fyrir útskrift 10 bekkjar en sá liður er 197.019 kr. á árinu 2015. Spurning hvort krakkarnir vilja eitthvað annað fyrir peninginn. Samþykkt að leita eftir því hjá krökkunum sjálfum með skoðanakönnun hvort þeir vilji að eitthvað annað sé gert fyrir peninginn. Ýmsar hugmyndir ræddar.
- Stjórnuver 95.000 kr. Rætt hvort greiða eigi áfram.
- Aðrið liðir útskýrðir. Útgjaldaliðir útskýrðir. Tillögur að skemmtun á öskudegi ræddar. Í athugun hvernig best er að haga skemmtun á öskudegi, rætt frekar.

- Vorhátíð. Almennt eru stjórnarmeðlimir sammála um að kostnaðurinn við hann sé forsvaranlegur og almenn ánægja með daginn. Skoða megi hvort hægt er að gera t.d. þrautabrautir o.fl. á þessum degi.
8. Laufabrauð eða ekki laufabrauð? Hvað annað?
- Rætt hvort að halda eigi laufabrauð eins og verið hefur. Hefur verið mismikill áhugi á þessu í gegnum árin. Spurning með styrktar-jólatónleika eða einhvers konar jólatónleika í samstarfi við kór skólans. Jafnvel styrktartónleika fyrir málefni sem grunnskólabörnin fá að koma að vali á. Því lagt til og samþykkt að laufabrauðið verði látið víkja fyrir tónleikum eða annars konar skemmtun. Jólábíngó eða páskabíngó rætt.
9. Skipulagning fundar með yfirstjórn skólans og fundar með yfirmanni frístundaheimilis.
- Fylgja eftir því að fulltrúar stjórnar hitti yfirstjórn skólans og yfirmann frístundaheimilis á reglulegum fundum.
10. Vinnuhópur foreldra um jákvæð samskipti.
- Sonja fer yfir þessa hugmynd sem kom upp á aðalfundinum í vor. Hugmyndin að komið væri á fót hóp. Sonja ætlar að tala við skólann um hvernig staðan er núna, hver þörfin er á umræðu um jákvæð samskipti, nokkuð borið á því að skortur kunni að vera á þessu. Sonja vill finna út með fyrirlesara, hafa bekkjarfulltrúa með í slíku. Rætt að auglýsa eftir fulltrúm foreldra í hóp sem tekur á þessu málefni. Skoða samstarf með Gróttu í þessum málum og mikilvægt að starfa náið að þessu máli með skólanum.
11. Vinnuhópur foreldra um eflingu samstarfs milli leikskóla og grunnskóla.
- Svana leggur til samráðshóp milli leikskóla og grunnskóla til að skoða betur og auðvelda skrefið frá leikskóla upp í grunnskóla. Rætt hvaða möguleikar eru fyrir hendi til að flýta fyrir aðlögun þeirra barna sem eiga að fara úr leikskóla í grunnskóla, hvort auka má við heimsóknir þeirra upp í skóla eða auka samgang á milli.
 - Davíð tekur að sér að leiða hópinn um aukið samstarf milli leikskóla og grunnskóla.
12. Ákvörðun um gjaldtöku í foreldrafélagið – valkvætt / ekki valkvætt
- Fyrir liggur að skoðað verður fyrir næsta aðalfund að hækka gjaldið lítillega. Samþykkt að greiðslan í heimabanka komi undir flokkinn reikningar en ekki valkvæða reikninga til að stuðla að betri heimtum en því miður mætti innheimtuhlutfall vera betra.
13. Önnur mál
- Atvik sem varð í Valhúsaskóla í dag rætt. Sverrir mun skoða viðbragðsáætlanir skólans vegna atvika. Málið rætt en engar aðgerðir samþykktar.

Formaður tilkynnir að næsti stjórnarfundur verði haldinn í kennarastofu Grunnskóla Seltjarnarness í Mýrarhúsaskóla miðvikudaginn 21. október kl. 17.30 -19.00 og að fundir stjórnar foreldrafélags verði reglulegir þriðja miðvikudag í hverjum mánuði kl. 17.30-19.00.

Fundi slitið kl. 19:15.

HP